

Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

17. október 2018
UST201809-014/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 29.08.2018, hjá Verinu Vísindagörðum, Háskólanum á Hólum Hjaltadal, Sauðárkróki.

Þann 29. ágúst sl. fór fram eftirlit í Verið Vísindagarða Háskólans á Hólum, Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða mælingar í frárennsli en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit. Viðbragðsáætlanir vegna tímabundinna og ótímabundinna rekstrarstöðvanna vantar.
2. 16. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð 1078/2005 um tryggingar skipa og starfssemi á landi vegna bráðamengunar. Rekstraraðili hefur ekki lagt fram fullnægjandi ábyrgðartryggingu.
3. 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar eru ekki til staðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. nóvember, 2018.

Virðingarfyllst


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Guðbjörg Stella Árnadóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Hákólinn á Hólum (Verinu)	29. ágúst 2018	Sauðárkrókur	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistimi starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
500169-4359	18.12.2024	Já	Rannsóknareldi, allt að 14t að ári

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Já, í lagi. Lífmassi í stöðinni við eftirlit var um 800kg
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Fóðurtegund er valin fyrir hverja tilraun og daglega farið yfir tilraunir
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við, þarf að vera aðgengilegt á staðnum.
Grænu bókhaldi og útstremnisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Ekki til staðar en er í vinnslu og verður klárt í byrjun árs 2019
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		Ekki er til staðar gild trygging. Ábyrgðaryfirlýsingur frá

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

				stjórnvöldum vantar, þar sem um ríkisstofnun ræðir.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Vantar uppfærslu, ekki fullnægjandi það sem sent var í fyrra.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrarar og handfóðrun
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Mæling gerð á frárennsli árið 2017 á nitur, fosför, COD og ammoniaki. Útreikninga á N og P fyrir kg/framleitt tonn vantar. COD var 176 mg/L í frárennsli Mælingar á svifögnum vantar. Gera skal mælingar á 3ja ára fresti.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			Lokað frárennsli sem liggur beint í sjóinn.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Það eru sigti á öllum kerfum ásamt aðalfrárennsli frá stöð Það eru ekki skiljur svo að fóðurafgangar og skítur fer út í gegnum frárennsliskerfi stöðvar í aðalfrárennsli, ekki þó í höfn heldur í sjó austan hafnarsvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór austan hafnarsvæðis er viðtaki fyrir frárennsli stöðvarinnar.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Mælingar í sjó voru gerðar árið 2017 á nitur, fosför, COD og ammoníaki
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Allur úrgangur fer í Flokku á Sauðárkrók. Dauðfiskur er settur í lífrænan úrgang og fer með almennu sorpi til urðunar í Flokku
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Mælingar á svifögnum vantar.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Mælingar á svifögnum vantar og útreikningar á N og P í kg/framleitt tonn fiskjar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Mæla skal næst árið 2020 Iceprotein

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar varðandi að niðurstöður mælinga voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila og áætlanir og tryggingar v. bráðamengunar hafs og stranda eru ekki til staðar.

Samantekt:	Um litla rannsóknarstöð er að ræða og lítið magn fiskjar var í stöðinni við eftirlit. Búnaður leit vel út og svæðið var snyrtilegt. Þrjú frávik komu fram: Skv. lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit skal vera til viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar. Skv. 16. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerðar 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar skal rekstraraðili leggja fram fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda.
-------------------	---

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

	<p>Skv. 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vera til staðar.</p> <p>Athugasemdir eru gerðar við að mælingar á svifögnum vantar, útreikninga á losun N og P í kg/framleitt tonn vantar.</p> <p>Rekstraraðila er einnig bent á að COD í frárennsli er hátt, 176 mg/L.</p>
Annað	<p>Rekstraraðila er einnig bent á að krafan um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda á við um rekstraraðila, hvort sem þeir eru opinberir eða ekki. Opinberir aðilar sem ekki tryggja hjá tryggingafélagi þurfa að koma fram með ábyrgðartryggingu sem er samþykkt af UST.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskólinn á Hólum Verið - Vísindagarðar, Sauðárkrók



Dags eftirlits	29.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Háskólinn á Hólum	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Háeyri 1	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	500169-4359	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kári Heiðar Árnason	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Rakel	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram vegna viðbragðsáætlana og trygginga og tvær ábendingar voru gerðar vegna mælinga. Skv. lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit skal vera til viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar. Skv. 16. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerðar 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar skal rekstraraðili leggja fram fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda. Skv. 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vera til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit	Viðbragðsáætlanir vegna tímabundinna og ótímabundinna losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit

16. grein laga 33/2004 um varnir gegn Rekstraraðili hefur ekki lagt fram fullnægjandi ábyrgðartryggingu mengun hafs og stranda og reglugerð 1078/2005 um tryggingar skipa og starfssemi á landi vegna bráðamengunar

18. grein laga 33/2004 um varnir gegn Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar eru ekki til mengun hafs og stranda staðar.

ÁBENDINGAR

Ábendingar eru gerðar við að mælingar á svifógnum vantar og útreikninga á losun N og P í kg/framleitt tonn vantar. Rekstraraðila er bent á að COD í frárennsli er hátt, 176 mg/L. Engin viðmiðunarmörk eru sett í starfsleyfi en bent er á að huga þarf að leiðum til að lækka þetta gildi.

ANNAÐ

Rekstraraðila er einnig bent á að krafan um tryggingu vegna bráðamengunar á við um alla rekstraraðila, hvort sem þeir eru opinberir eða ekki. Opinberir aðilar sem ekki tryggja hjá tryggingafélagi þurfa að koma fram með ábyrgðartryggingu sem er samþykkt af UST.

17.10.2018

bis. 1

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffia Jónasdóttir